

Skipulags- og byggingarnefnd Skorradalshrepps 193. fundur

Þriðjudaginn 14. október 2025 kl.08:00, hélt skipulags- og byggingarnefndar Skorradalshrepps fund á Hvanneyri. Þessir sátu fundinn: Pétur Davíðsson, Ingólfur Steinar Margeirsson, Sigrún Guttormsdóttir Þormar og Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir.

Fundargerð ritaði: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, skipulagsfulltrúi.

Þetta gerðist:

Almenn mál

1. Kerfisáætlun 2025-2034, umhverfismat áætlana - Mál nr. 2504009

Á 212. fundi hreppsnefndar var málinu vísað til skipulags- og byggingarnefndar til upplýsingar. Tölvupóstur barst frá Hlín Benediktsdóttur hjá Landsneti um að framkvæmdaráætlun kerfisáætlunar 25-34 hefði breyst. Breytingar voru gerðar á tímalínu Holtavörðuheiðarlínu 1 og hún færð fyrir aftan Holtavörðuheiðarlínu 3. Samkvæmt framkvæmdaráætlun munu framkvæmdir hefjast í lok árs 2028 eða byrjun árs 2029.

Breytingin er tilkomin vegna samræmingar við aðrar línuframkvæmdir á svæðinu, þ.e. Blöndulínu 3 og Holtavörðuheiðarlínu 3. Ekki er talið æskilegt að framkvæmdir við fleiri en eina 220 kV loftlínu fari fram samtímis, meðal annars vegna:

- Nýta fjárfestingargetu flutningsfyrirtækisins með hagkvæmari hætti
- Vegna óvissu um aðgang að verktökum/mannafla
- Til að milda áhrif á flutningsgjaldskrá

Jafnframt hefur verið tekin ákvörðun um að víxla tímaröð Holtavörðuheiðarlínu 1 og 3 til að ná fram þeim kerfislega ávinningi sem felst í spennusetningu Holtavörðuheiðarlínu 3.

Ekki verði þó slegið slöku við í undirbúningi Holtavörðuheiðarlínu 1. Stefnt er á að samningaviðræður við landeigendur hefjist núna í haust og unnið verður með sveitarfélögum að skipulags- og öðrum leyfismálum. Fari svo að undirbúningsferlið gangi betur en áætlanir gera ráð fyrir þá verður staðan endurskoðuð. Uppfærð framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar 25-34 var send til Raforkueftirlitsins 1. sept. sl.

Lagt fram og kynnt.

2. Erindi frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands - Mál nr. 2509009

Lagt fram erindi vegna áhrifa 16. gr. laga nr. 55/1992, en hún verndar sjóðinn og gætir hagsmuna heildarinnar gagnvart því að bótasjóðnum sé almennt ekki ráðstafað til að greiða bætur þar sem hús eða annað mannvirki, sem skemmist, er reist á stað sem almennt var vitað fyrir fram að var hættulegur með tilliti til náttúruhamfara, t.d. ef mannvirki á sama stað hefur oftast en einu sinni orðið fyrir sams konar tjóni. NTÍ undirstrikar að skipulag byggðar og leyfisveitingar á þekktum hættusvæðum eru á ábyrgð viðkomandi skipulagsyfirvalda og þeirra aðila sem að byggja og reka mannvirki á slíkum stöðum. Kaupendur húseigna geta ekki gengið út frá því sem vísu að tjónabætur verði greiddar þegar þeir kaupa eignir sem byggðar eru á svæðum þar sem hættan er fyrir fram þekkt eða

P.D.

S.p.

J.M.

endurtekin. Ábyrgð skipulagsyfirvalda er því mikil og vill stjórn NTÍ vekja sérstaka athygli sveitarfélaga á henni.

Erindi frá NTÍ lagt fram og kynnt

Fundargerð

3. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 81 - Mál nr. 2509005F

Fundargerð lögð fram til kynningar

- 3.1 2507009 - Refsholt 35, Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi Flokkur 1
- 3.2 2502006 - Þrætueyri o.fl
- 3.3 2201007 - Indriðastaðahlíð 166, umsókn um byggingarleyfi
- 3.4 2503002 - Dagverðarnes 12 - Flokkur 1 Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi -
- 3.5 2508009 - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Fitjar 133958 - Flokkur 2
- 3.6 2510001 - Fitjahlíð 36, merkjalýsing
- 3.7 2509017 - Vatnsendahlíð 86, umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 1

Byggingarleyfismál

4. Stóra-Drageyri 4 umsókn um byggingarheimild eða -leyfi -Flokkur 1 - Mál nr. 2506017

Byggingarleyfisumsókn var grenndarkynnt sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. þann 11.9.2025 til 9.10.2025 þar sem ekkert deiliskipulag er í gildi af umræddri lóð. Grenndarkynning fór fram í skipulagsgátt sjá á eftirfarandi slóð: <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1090> . Ein umsögn barst á kynningartíma frá Minjastofnun Íslands.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við hreppsnefnd að byggingarfulltrúa verði falið að veita byggingarleyfi í samræmi við grenndarkynnt gögn byggingarleyfisumsóknar. Byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.

5. Indriðastaðir 33, Umsókn um byggingarh. eða -leyfi, flokkur 1 - Mál nr. 2510002

Óskað er eftir heimild til að stækka frístundarhúsið um 22,2 m², alls verður húsið eftir stækkun, 68,3 m². Lóðin er 2500 fm að stærð. Byggingarmagn er í samræmi við Aðalskipulag sveitarfélagsins. Ekkert deiliskipulag er fyrir svæðið.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við hreppsnefnd að samþykkja að byggingarleyfisumsókn verði grenndarkynnt fyrir Indriðastöðum 25, 26, 27, 32, 34, 49, 50, 51 og landeigendum sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m. s.br.. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

Skipulagsmál

6. Skipulagsdagurinn 2025 - Mál nr. 2509007

Skipulagsdagurinn er árleg ráðstefna Skipulagsstofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skipulagsmál. Ráðstefnan verður haldinn 23. október 2025.

P.D.  Jm.

Skipulags- og byggingarnefnd felur formanni nefndarinnar að sækja ráðstefnuna fyrir hönd sveitarfélagsins.

7. Vatnsendahlíð 189, 8. áfangi, breyting deiliskipulags - Mál nr. 2504007

Undanþága liggur fyrir hjá félags- og húsnæðismálaráðherra frá ákvæði gr. 5.3.2.5 d-lið skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 þar sem kveðið er á um að ekki skuli staðsetja íbúðir eða frístundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m. Fjarlægð byggingarreits frá Skorradalsvegi (508) verður 90 m. Auglýsing um samþykkt hreppsnefndar þann 16.7.2025 um breytingar deiliskipulags mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda þann 20. okt. nk. og öðlast þá deiliskipulagsbreytingin gildi.

Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

Framkvæmdarleyfi

8. Stóra-Drageyri, Bakkakot og Stálpastaðir, úrbætur vegna óleyfisframkvæmda
- Mál nr. 2409012

Embætti skipulagsfulltrúa veitti Landi og skógi framkvæmdaleyfi þann 19.9. 2024 sem fól í sér meðal annars að lagfæra hlíðar Dragafells þar sem ruddur var slóði í óleyfi.

Verkefnið er í vinnslu hjá Landi og skógi, lðunn Hauksdóttir sérfræðingur fór yfir framkvæmdina og kynnti næstu skref.

Gestir

lðunn Hauksdóttir - Sérfræðingur frá Landi og skógi 09:00

9. Ályktun aðalfundar Skógræktarfélags Íslands - Mál nr. 2510005

Ályktun aðalfundar Skógræktarfélags Íslands lögð fram og kynnt.


Lögð fram og kynnt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:00.



Pétur Davíðsson



Ingólfur Steinar Margeirsson



Sigrún Guttormsdóttir Þormar

